



Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari
Austurstrætis 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2014
1401398/0.1.2/hþ

275. mál

Efni: Umsögn Embættis landlæknis um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir, vottun) við EES-samninginn.

Embætti landlæknis þakkar fyrir að fá til umsagnar tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir, vottun) við EES-samninginn.

Embættið gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir, vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og það að fellt verði inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/53/ESB frá 7. júlí 2010 um kröfur varðandi gæði og öryggi líffæra úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu.

Embættið vill í því sambandi leggja áherslu á að samtímis innleiðingu á tilskipuninni þarf að þróa miðlægan gagnagrunn sem móttekur og geymir upplýsingar úr rafrænni sjúkraskrá Landspítalans svo unnt sé að halda skrá yfir eins marga þætti og mögulegt er varðandi líffæragjafann og líffærið sjálft.

Virðingarfyllst,

Jörlaug Heimisdóttir,
verkefnisstjóri
Svið eftirlits og gæða